

Úthlutunarreglur fyrir búnaðarstyrk refa- og minkaveiðimanna.

1. gr.

Samkvæmt reglum um refa- og minkaveiði í Þingeyjarsveit skal sveitarfélagið auglýsa styrk á hverju ári til búnaðarkaupa samningsbundinna veiðimanna. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Þingeyjarsveitar ár hvert.

2. gr.

Aðeins þeir sem eru samningsbundnir sveitarfélaginu sem refa- og minkveiðimenn geta sótt um styrk til búnaðarkaupa refa- og minkaveiðimanna.

3. gr.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd skal auglýsa eftir umsóknum eftir styrk eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Í auglýsingunni skal koma fram heildarupphæð styrksins, áhersla sveitarstjórnar og eða nefndarinnar við úthlutun ásamt þeim upplýsingum sem nefndin krefst hverju sinni.

4. gr.

Við mat styrkumsókna skal horfa til þess:

- Hvort aðilar hafi fengið styrk áður
- Gagnsemi og nauðsyn búnaðarins m.t.t. refa- og minkaveiða
- Rökstuðning umsækjenda fyrir þörfinni á búnaði
- Áherslu sveitarstjórnar og eða atvinnu- og nýsköpunarnefndar

Nefndin skal miða við að yfirfara og svara styrkumsóknum eigi síðar en 20. febrúar ár hvert.

5. gr.

Með setningu búnaðarstyrkja verður ekki heimilt að kaupa búnað til veiða á reikning sveitarfélagsins heldur er styrkurinn ætlaður til þeirra kaupa.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 8.1. 2026

Gerður Sigtryggisdóttir, sveitarstjóri